

Aðalfundur FIMAK haldinn í Giljaskóla 14. júní 2016

1. Fundarsetning og ávarp formanns, Hermanns Herbertssonar.

2. Kjör fundarstjóra og fundarritara.

Hermann Herbertsson formaður FIMAK lagði fram tillögu að fundarstjóra og fundarritara. Unnsteinn Jónsson var kosinn fundarstjóri og Lára Halldóra Eiríksdóttir fundarritari.

3. Staðfest lögmæti fundarins.

Unnsteinn lýsti fundinn löglegan þar sem hann var boðaður með 14 daga fyrirvara eins og lög félagsins gera ráð fyrir.

4. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram.

Unnsteinn lagði fundargerð síðasta aðalfundar fram.

5. Skýrsla aðalstjórnar, framkvæmdastjóra og nefnda.

Hermann Herbertsson formaður FIMAK kynnti skýrslu aðalstjórnar. Ekki var lögð fram sérstök skýrsla framkvæmdastjóra. Agla Egilson kynnti starf mótanefndar og foreldrafélags.

6. Reikningar félagsins.

Rut Jónsdóttir, framkvæmdastjóri kynnti reikninga félagsins.

7. Umræður um skýrslur og reikninga félagsins.

Spurt um ferðakostnað og ferðastyrk ÍSÍ. Hvar hann kæmi inn í. Hann kæmi aldrei fram þegar verið væri að rukka foreldra um kostnað.

Spurt um tekjur vegna mótshalda, þær hafa lækkað þrátt fyrir að félagið hafi verið með nokkuð mörg mót. Erfitt hefur verið að fá fólk til sjálfboðaliðastarfa og því hefur orðið að takmarka „þjónustu“ á mótum eins og t.d. gistingu og mat.

Rætt var um launakostnað þjálfara á mótum. Hann er inni í æfingagjöldum og því ekki heimilt að rukka hann sérstaklega. Erla Ormarsdóttir kom með ábendingu um að bóka þyrfti ferðastyrkinn sem tekjur inn í ferðakostnað en ekki einungis styrk.

8. Reikningar bornir undir atkvæði.

Unnsteinn bar reikninga félagsins upp til samþykktar. Reikningar voru samþykktir samhljóða.

9. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar voru teknar fyrir á fundinum.

10. Kosning formanns

Hermann Herbertsson formaður stjórnar FIMAK gefur kost á sér til áframhaldandi formennsku. Engin mótframboð bárust og er Hermann því réttkjörinn formaður stjórnar.

11. Kosning stjórnarmanna og 2 varamanna.

Kjósa þarf þrjá stjórnarmenn til tveggja ára. Inga Stella Pétursdóttir, Rannveig Jóhannsdóttir og Guðbjörg Harpa Þorvaldsdóttir gefa kost á sér til stjórnarsetu til tveggja ára. Ekki komu fram fleiri framboð og eru þau því réttkjörnir stjórnarmenn til tveggja ára. Agla Egilson, Guðmundur Karl Jónsson og Lára Halldóra Eiríksdóttir eiga eitt ár eftir af sinni stjórnarsetu. Eitt framboð hafði borist í varastjórn frá Álfheiði Svönu Kristjánsdóttur. Þórður Birgisson gaf kost á sér í varastjórn á fundinum og eru þau réttkjörnir varastjórnarmenn til eins árs.

12. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga fyrir næsta starfsár.

Ekki eru kosnir skoðunarmenn reikninga vegna ákvæðis í rekstrarsamningnum við Akureyrarbæ um löggilta skoðun reikninga.

13. Ákvörðun styrktarfélagsgjalda

Tillaga lögð fram um óbreytt styrktarfélagsgjald 2500 kr. Samþykkt að hafa það óbreytt.

14. Önnur mál

Erla Ormarsdóttir tók til máls og ræddi um aukinn ferðakostnað. Hún sagði að fækkað hefði í hópum í keppnisferðir og það kæmu fram afboðanir á síðustu stundu. Hún telur að aukinn ferðakostnaður hafi þar áhrif. Þetta gerir starf þjálfara erfiðara, varðandi mönnun í lið.

Erla talaði einnig sem foreldri og skoraði á stjórn að nýta hluta af Samherjastyrk í keppnisferðir.

Þórður Birgisson kom með hugmynd að fjáröflun til tækjakaupa. Björk í Hafnarfirði hefur verið með áheitasöfnun til fjáröflunar fyrir tæki. FIMAK á ekki sín tæki og því er ekki þörf á slíkri fjáröflun hjá okkur.

Þórður Birgisson ræddi um hópaferðir sem eru farnar. Hann vill að sett verði viðmið og/eða reglur um ferðir sem farnar eru á vegum félagsins. Hann tók sem dæmi Lundúnarferð sem ákveðinn hópur iðkenda fór í í vor. Sú ferð var alfarið á vegum foreldra en farin með samþykki stjórnar. Þórður leggur til að ekki verði farið í ferðir nema sem skipulagðar eru af félaginu og eftir ákveðnum formerkjum. Rætt um foreldrafélag og mótanefnd. Foreldrafélag hefur verið mjög óvirkt. Sagt frá því að í frjálsum er skráður sjálfboðaliði með hverjum iðkenda. Hægt á að vera að ná í hann til sjálfboðaliðastarfa. Fyrirspurn kom um það hvort möguleiki væri að nýta kjör FIMAK hjá Flugfélagi Íslands fyrir einstakling sem er í landsliðsverkefni fyrir sunnan. Við erum einungis með nokkra frímiða en bent var á leiðir til að fá lækkaðan flugkostnað fyrir einstaklinginn.

Stefán var styrktur til landliðsverkefnis. Þórdís benti á að það yrði skoðað hvað hefði verið gert fyrir hann. Stjórn hafði áður svarað því að hún hefði ekki staðið frammi fyrir þeirri stöðu áður að vera með landliðseinstaklinga en það væri ekki rétt.

Inga Stella Pétursdóttir bar fundinum kveðju íBA.